



AST – VINNUFUNDUR FRAMKVÆMDARÁÐS NR. IV.

Vinnufundur framkvæmdaráðs AST var haldinn í fimmtud. 17. marz 2011. Í símasambandi voru: Páll Björgvin Guðmundsson, Skúli Björn Gunnarsson, Stefanía G. Kristinsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Bj. Hafþór Guðmundsson.

Fundurinn hófst kl. 13:00.

Eftirfarandi gerðist:

1. Byrjað var á að fjalla um vinnuskjal SBG – tillögu að skipuriti – sem hann nefnir „Blönduð leið“. Skipuritið er hugmyndafræðilega hliðstætt skipuriti sem SGK kynnti á fundi 8. mars en framsetning önnur á uppbyggingu. Gengið er út frá sameinaðri sjálfseignarstofnunar þar sem SSA er áfram til sem vettvangur sveitarfélaganna en öll starfsemi stoðkerfisins komin undir nýja stofnun með hliðsjón af hugmyndum iðnaðarráðuneytis um nýtt stoðkerfi atvinnulífsins. Farið var yfir hvernig raða mætti málaflokkum öðruvísi í skipuritinu og hvernig samsetning stjórnar væri ákjósanlegust fyrir sem flesta aðila. Góðar umræður urðu og blönduðust þar inn í umræður um fyrri gögn sem lögð hafa verið fram í vinnuferli framkvæmdaráðsins. Fram kom að nú er orðið brýnt að ræða einnig fjármálaþáttinn í fyrirkomulagi hinnar áformuðu nýju stjórnsýslu- og þjónustustofnunar. Eftir ítarlega umfjöllun var ákveðið að SBG, SGK og ASv. ynnu áfram að því að þróa tillögu(r) um skipurit, en PBG og BHG færu í að kanna ákveðna hluti sem lúta að fjármálaþáttum í rekstri. Auk þess verði hugað að hvernig frágangi eigna- og skuldastöðu stofnana þeirra, er um ræðir, verði háttað við hugsanlegan samruna þeirra í nýrri stofnun. Ákveðið að fresta áformuðum fundi alls vinnuhópsins, sem framkvæmdaráðið hafði gert ráð fyrir að yrði 29. marz. Fundardagur starfshóps verði þess í stað mánud. 4. apríl en fram að þeim tíma slípi framkvæmdaráðið tillögur sínar.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 14:30.

Bj. Hafþór Guðmundsson – fundarritari.